

Samfélagssáttmáli um heilbrigðisþjónustu

– er æskilegur að dómi Vilhjálms Árnasonar heimspekings

Íslenska heilbrigðiskerfið á í vök að verjast. Ríkið ræður ekki lengur við sjálfvirkan vöxt heilbrigðisþjónustunnar og hefur því gripið til ráðstafana. Síðustu mánuði hafa fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar verið skornar niður, þrátt fyrir andóf ýmissa hópa. Andmæli gegn niðurskurði voru sjaldnast byggð á almennum skilgreiningum á heilbrigðisþjónustu, hvert hlutverk hennar er og hversu vel því hlutverki sé sinnt. Það kom í ljós að hvorki heilbrigðisstéttir, stjórn-málamenn né almennings voru undir það búin að ræða um heilbrigðisþjónustuna á breiðum grundvelli með það fyrir augum að komast að samkomulagi um þau meginatriði sem ættu að einkenna hana. Þess vegna er brýnt að leggja við hlustir þegar hugmyndir og tillögur eru settar fram sem varpa ljósi á þá valkosti sem fyrir hendi eru. Staðreyndin er sú að heilbrigðiskerfið er á krossgötum og ekki verður vikist undan um-ræðu um framtíð þess.

Vilhjálmur Árnason, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, hefur síðustu misseri haldið á opinberum vettvangi fyrirlestra um ýmsa þætti heilbrigðismála, til dæmis fóstureyðingar og síðareglur heilbrigðisstétta. Hann vinnur nú að bók um heilbrigðismál, sem kemur út í lok ársins.

Einkenni skynsamlegrar heilbrigðisþjónustu

Í vetur hélt Vilhjálmur fyrirlestur í boði Rannsóknarstofnunar í síð-fræði. Í fyrirlestrinum, sem bar heitið „Hvað er heilbrigðisþjón-usta?“, fjallaði Vilhjálmur meðal annars um meginmarkmið og verkefni heilbrigðisþjónustu og hvernig skipta megi gögnum og gæðum hennar á réttlátan hátt.

Hann sagði þrjár viðmiðanir nauðsynlegar þegar rætt er um skynsamlega heilbrigðisþjónustu. Í

fyrsta lagi þarf hún að vera **fagleg** til að vera árangursrík. Í öðru lagi þarf hún að vera **hagkvæm** til að tryggja góða nýtingu á þeim fjár-munum sem til hennar eru lagðir. Í þriðja lagi er skynsamleg heilbrigðisþjónusta aðeins **réttlát** þegar þjónustu er skipt á lands-menn með sanngjörnum hætti.

Þegar Vilhjálmur hafði greint frá hugmyndum sínum um skynsam-lega heilbrigðisþjónustu sneri hann sér að því að skilgreina þarfir fólks fyrir lækningar og hjúkrun. Hann benti á þær hættur sem fel-ast í því að ætla heilbrigðiskerfinu of stórt hlutverk, til dæmis með því að gera það ábyrgt fyrir ham-ingju fólks. Skoðun Vilhjálms er að meginverkefni heilbrigðisþjónust-unnar sé að draga úr því bóli sem slysum og sjúkdómum fylgir.

Þegar best lætur á heilbrigðis-þjónustan að sinna forvarnarstarfi til að koma í veg fyrir heilsutjón.

Eðli þjónustunnar

Eftir að Vilhjálmur hafði afmarkað það sem hann nefndi skynsam-lega heilbrigðisþjónustu sagði hann samfélagslegt hlutverk þess-arar þjónustu vera það að „vernda eðlilega lífsstarfsemi einstaklinga og þar með möguleika þeirra til að njóta lífskosta sem sanngjarnt og eðlilegt er að mönnum standi til að búa.“

Flest erum við fædd heilbrigð og sumir eru þeirrar gæfu aðnjótandi að halda fullri og óskertri heilsu til æviloka. Aðrir verða fyrir sjúk-dómum og slysum, ýmist vegna óhappa eða óhollra lífshátta. Við það skerðast möguleikar manna til að njóta þeirra lífskosta sem al-mennt eru viðurkenndir sem sjálf-sagðir. Hér kemur heilbrigðisþjón-ustan til sögunnar og reynir að bæta úr þannig að einstaklingur-inn fái bót meina sinna. Vilhjálmi þykir einsýnt að það sé réttlætis-mál að sérhver einstaklingur fái

jafnan aðgang að þessari þjónustu. Með öðrum orðum eiga þarfir manna að ráða aðgangi að heil-brigðisþjónustu.

Heilbrigðisþjónusta er ólík flest-um öðrum gæðum sem standa fólki til boða að því leyti að þeir sem hana nota gera það fremur af þörf en af duttlungum, eins og persónulegum smekk eða skyndi-legri löngun. Þörfin fyrir heil-brigðisþjónustu er almenn og nauðsynleg fyrir þá sem hennar leita til að þeir geti lifað og starfað í samfélaginu. Einstaklingsbundnar þarfir eru annars eðlils. Í fyrirlestr-inum útskýrði Vilhjálmur muninn á þessu tvennu. „Þannig er þörf manns fyrir staf til að styðjast við til gangs lífsþörf vegna þess að hann er nauðsynlegur til að bæta upp skerta tegundarbundna lífs-starfsemi. Hins vegar er þörf skíða-mannsins fyrir skíðastaf háð ein-



staklingsbundnu áhugamáli sem hefur ekkert með lífsstarfsemi manneskjunnar að gera."

Gallar markaðslausna

Ein meginhugmyndin að baki íslensku heilbrigðisþjónustunnar er **jöfnuður**. Hún er hluti af því velferðarkerfi sem margir telja að hafi vaxið nánast stjórnlaust síðustu ár og áratugi. Þessi stefna hefur verið gagnrýnd fyrir það að vera fram úr hófi kostnaðarsöm og jafnframt er hún talin hamla gegn frelsi og ábyrgð einstaklinga. Gagnrýnendur hafa bent á að markaðslausnir geti leyst þennan vanda ef heilbrigðiskerfið yrði rekið með einkafjármagni. Fólk myndi kaupa sér sjúkratryggingar og bera sjálft ábyrgð á að tryggingarnar væru fullnægjandi. Með þessum hætti væri heilbrigðisþjónusta sett undir sama hatt og mörg önnur gögn og gæði þar sem gilda reglur um framboð og eftirspurn.

Vilhjálmur fjallaði nokkuð um sjónarmið markaðshyggjumanna og féllst á að gagnrýni þeirra á velferðarkerfið væri að nokkru leyti á

rökum reist. Hins vegar stæðist ekki lausn markaðshyggjumanna á vandanum. „Pau gæði sem heilbrigðisþjónustan lætur mönnum í té eru sérstaks eðlis og ósambærileg við flestar neysluvörur. Við þurfum í sjálfu sér ekki markaðslausnir til þess að hafa í okkur og á, heldur vegna þess að við viljum hafa fjölbreytt úrval af vörum sem hæfa margbreytilegum smekk og löngunum. Heilbrigðisþjónusta aftur á móti hefur ekkert með smekk manna og langanir að gera," sagði Vilhjálmur og bætti við að heilbrigðisþjónustan sinni „nokkrum brýnustu lífsþörfum manna, sem eru forsendur frelsis þeirra, tækifæra og velferðar. Heilbrigðisþjónusta er því ekki sambærileg við verslun sem býður fjölbreytilegar matvörur á markaði, heldur miklu fremur við það að sinna frumþörf manna fyrir næringu í hvaða formi sem er."

Sáttmáli milli þegnanna

Þó að vankantar velferðarkerfisins séu áberandi og að háværar kröfur séu um að endurskoðunar

sé þörf á stórum þáttum þess, þar er meðtalin heilbrigðisþjónustan, er viðhlítandi lausn ekki að finna í markaðshyggjunni. En hvað er þá til ráða?

Í fyrirlestri sínum lagði Vilhjálmur til hugmynd sem gæti vísað þriðju leiðina að góðri heilbrigðisþjónustu. „Hugmyndin er sú að borgarar tiltekins ríkis sem frjálsar, ábyrgar og skynsamar verur, geri með sér samfélagssáttmála. Til að tryggja að slíkur sáttmáli dragi ekki taum tiltekinna hagsmunahópa eða hampi einstaklingsbundnum óskum manna er gert ráð fyrir því að samningsaðilarnir gjöri sátt sína undir fávísisfeldi."

Vilhjálmur sækir hugmyndina til John Rawls, sem er áhrifamikill bandarískur heimspekingur og skrifaði meðal annars tímamóta-verkið *A Theory of Justice*. Sumir kynnu að andmæla þessari hugmynd á þeim grundvelli að hún sé fjarri raunveruleikanum. Vilhjálmur bendir á að hér sé um afstöðu að ræða, hvaða forsendur við viljum leggja til grundvallar mótun heilbrigðisstefnu. Svonefndur fávísisfeldur á að tryggja það að sanngríni verði tekin fram yfir sérhagsmuni þegar skipulagið er ákveðið. Þegar nánar er að gætt er hugmyndin ekki eins langsótt og ætla mætti við fyrstu sýn.

„Slys og sjúkdómar gera ekki boð á undan sér og ekkert okkar getur vitad á þessari stundu hvernig okkur muni heilsast að kvöldi. Og sé okkur ókleift að vera sanngjörn þegar við sjálf eigum í hlut, hugsum þá málið út frá börnum okkar. Hvernig mun þeim vegna í heilsuhappdrættinu og hvernig viljum við að samfélagið skipuleggi heilbrigðisþjónustuna í ljósi þeirrar óvissu?"

Vilhjálmur telur líklegt að niðurstaðan af sáttmálgjörð leiddi til áþekkrar heilbrigðisþjónustu og við þekkjum nú. Þó myndi sáttmálshugmyndin í senn veita betri viðmið og stuðla að árangursríkari, hagkvæmari og réttlátari heilbrigðisþjónustu.

Fyrirlestrinum lauk með því að Vilhjálmur sagði það þegnanna sjálfa að gera með sér sáttmála um heilbrigðisþjónustu. P.V.

